

AUGLÝSING

um fjárfestingasamning við Indland.

Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Indlands um eflingu og vernd fjárfestinga, sem gerður var í Reykjavík 29. júní 2007, öðlaðist gildi 16. desember 2008.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 17. desember 2008.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Benedikt Jónsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

**milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands
og ríkisstjórnar Lýðveldisins Indlands um eflingu og vernd fjárfestinga.**

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Indlands (hvor fyrir sig nefnd „samningsaðili“ hér að aftan og saman „samningsaðilar“),

sem hyggjast skapa hagstæð skilyrði sem eru fjárfestum í öðru ríkinu hvatning til frekari fjárfestinga á yfirráðasvæði hins ríkisins,

sem gera sér grein fyrir að hvatning til slíkra fjárfestinga og gagnkvæm vernd þeirra samkvæmt milliríkjasamningi muni stuðla að frumkvæði í viðskiptum og auka hagsæld í báðum ríkjum,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „félög“ merkir:

(i) að því er Indland varðar: lögaðila, þ.m.t. hlutafélög, fyrirtæki eða samtök, sem eru skráðir sem lögaðilar, stofnaðir eða komið á fót samkvæmt gildandi lögum hvar sem er

AGREEMENT

**between the Government of the Republic of
Iceland and the Government of the Republic
of India for the Promotion and Protection of
Investments**

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of India (hereinafter referred to singularly as the “Contracting Party” and jointly as the “Contracting Parties”);

Desiring to create conditions favourable for fostering greater investment by investors of one State in the territory of the other State;

Recognising that the encouragement and reciprocal protection under international agreement of such investment will be conducive to the stimulation of individual business initiative and will increase prosperity in both States;

Have agreed as follows:

ARTICLE 1

Definitions

For the purposes of this Agreement:

a) “Companies” means:

(i) In respect of India: Legal persons, including corporations, firms or associations incorporated or constituted or established under the law in force in any part of India and hav-

- á Indlandi og reka aðalskrifstofu sína á yfirráðasvæði Lýðveldisins Indlands,
- (ii) að því er Ísland varðar: lögaðila, þ.m.t. hlutafélög, atvinnufyrirtæki eða samtök, sem reka aðalskrifstofu sína á yfirráðasvæði Lýðveldisins Íslands og eru skráðir sem lögaðilar eða stofnaðir og reknir í samræmi við lög og reglur Lýðveldisins Íslands,
- b) „fjárfesting“ merkir hvers konar eign sem stofnað er til eða aflað, þ.m.t. breytingar á formi slíkrar fjárfestingar, í samræmi við landslög á yfirráðasvæði samningsaðilans þar sem stofnað er til fjárfestingarinnar og tekur meðal annars, en þó ekki einvörðungu, til:
- (i) lausafjár og fasteigna og annarra réttinda eins og veðréttinda, veðbanda eða trygginga,
- (ii) hluta og hlutabréfa og skuldabréfa í félagi og hvers konar annarrar sambærilegrar hlutdeildar í félagi,
- (iii) réttar til fjárgreiðslna eða hvers konar efnda samkvæmt samningi sem metnar verða til fjár,
- (iv) hugverkaréttinda í samræmi við viðeigandi lög hvors samningsaðila um sig,
- (v) sérleyfa til atvinnureksturs samkvæmt lögum eða samningi, til dæmis sérleyfa til að leita að náttúruauðlindum, nema þær, rækta eða nýta,
- c) „fjárfestar“ merkir: sérhvern ríkisborgara eða félag samningsaðila sem hefur fjárfest á yfirráðasvæði hins samningsaðilans,
- d) „ríkisborgari“ merkir:
- (i) að því varðar Indland: einstaklinga sem byggja réttarstöðu sína sem indverskir ríkisborgarar á gildandi lögum á Indlandi,
- (ii) að því er varðar Ísland: einstaklinga með íslenskan ríkisborgararétt í samræmi við löggjöf Lýðveldisins Íslands,
- e) „ágóði“ merkir fjárhæðir sem fjárfesting gefur af sér, t.d. hagnað, vexti, sölu-
- ing their main office in the territory of the Republic of India.
- (ii) In respect of Iceland: Legal persons, including corporations, commercial enterprises or associations, which have their main office in the territory of the Republic of Iceland, and are incorporated or constituted and operate in accordance with the laws and regulations of the Republic of Iceland.
- b) “Investment” means every kind of asset established or acquired, including changes in the form of such investment, in accordance with the national laws of the Contracting Party in whose territory the investment is made and in particular, though not exclusively, includes:
- (i) movable and immovable property as well as other rights such as mortgages, liens or pledges;
- (ii) shares in and stock and debentures of a company and any other similar forms of participation in a company;
- (iii) rights to money or to any performance under contract having a financial value;
- (iv) intellectual property rights, in accordance with the relevant laws of the respective Contracting Party;
- (v) business concessions conferred by law or under contract, including concessions to search for, extract, cultivate or exploit natural resources.
- c) “Investors” means any national or company of a Contracting Party who has made investment in the territory of the other Contracting Party.
- d) “Nationals” means:
- (i) in respect of India: persons deriving their status as Indian nationals from the law in force in India;
- (ii) in respect of Iceland: Natural persons having Icelandic citizenship in accordance with the Republic of Iceland’s legislation.
- e) “Returns” means the monetary amounts yielded by an investment such as profit,

hagnað, arðgreiðslur, greiðslur samkvæmt höfundarrétti eða einkaleyfi og aðrar þóknanir,

f) „yfirráðasvæði“ merkir:

(i) að því er Indland varðar: yfirráðasvæði Lýðveldisins Indlands, þ.m.t. landhelgi þess ásamt loftrými yfir því og önnur hafsvæði, þ.m.t. sér-efnahagslögsaga og landgrunn sem lýtur fullveldi Lýðveldisins Indlands, fullveldisréttindi eða sérlögsaga, í samræmi við gildandi lög þess, haffréttarsamning Sameinuðu þjóðanna frá 1982 og þjóðarétt,

(ii) að því er Ísland varðar: yfirráðasvæði Lýðveldisins Íslands, þ.m.t. hafsvæði aðlæg ströndum Lýðveldisins Íslands, þ.e. landhelgin, sér-efnahagslögsagan og landgrunnið, að því marki sem lýðveldinu Íslandi er heimilt að beita fullveldisréttindum eða lögsögu á þessum svæðum í samræmi við reglur þjóðaréttar.

2. gr.

Gildissvið samningsins.

Samningur þessi gildir um allar fjárfestingar sem fjárfestar annars samningsaðilans stofna til á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og eru viðurkenndar sem slíkar í samræmi við lög og reglugerðir þess síðarnefnda, hvort sem stofnað er til þeirra áður eða eftir að samningur þessi öðlast gildi.

3. gr.

Efning og vernd fjárfestinga.

1. Hvor samningsaðili um sig skal stuðla að og skapa hagstæð skilyrði fyrir því að fjárfestar hins samningsaðilans geti fjárfest á yfirráðasvæði hans og skal leyfa slíkar fjárfestingar í samræmi við lög sín og stefnu.
2. Ávallt skal gæta sanngirni og jafnræðis við meðferð fjárfestinga og ágóða fjárfesta hvors samningsaðila um sig sem skulu njóta fullrar verndar og öryggis á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

interest, capital gains, dividends, royalties and fees.

f) “Territory” means:

- (i) in respect of India: the territory of the Republic of India including its territorial waters and the airspace above it and other maritime zones including the Exclusive Economic Zone and continental shelf over which the Republic of India has sovereignty, sovereign rights or exclusive jurisdiction in accordance with its laws in force, the 1982 United Nations Convention on the Law of the Sea and international law.
- (ii) in respect of Iceland: the territory of the Republic of Iceland and includes the maritime areas adjacent to the coast of the Republic of Iceland, *i.e.* the territorial sea, the exclusive economic zone and the continental shelf, to the extent to which the Republic of Iceland may exercise sovereign rights or jurisdiction in those areas according to international law.

ARTICLE 2

Scope of the Agreement

This Agreement shall apply to all investments made by investors of either Contracting Party in the territory of the other Contracting Party, accepted as such in accordance with its laws and regulations, whether made before or after the coming into force of this Agreement.

ARTICLE 3

Promotion and Protection of Investment

1. Each Contracting Party shall encourage and create favourable conditions for investors of the other Contracting Party to make investments in its territory, and admit such investments in accordance with its laws and policy.
2. Investments and returns of investors of each Contracting Party shall at all times be accorded fair and equitable treatment and shall enjoy full protection and security in the territory of the other Contracting Party.

4. gr.

Innlend meðferð og bestukjaramedferð.

1. Hvor samningsaðili um sig skal veita fjárfestingum fjárfesta hins samningsaðilans meðferð sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem veitt er fjárfestingum eigin fjárfesta eða fjárfestingum fjárfesta þriðja ríkis.
2. Auk þess skal hvor samningsaðili um sig veita fjárfestum hins samningsaðilans meðferð, m.a. meðferð viðvirkjandi ágóða af fjárfestingum þeirra, sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem fjárfestar þriðja ríkis hljóta.
3. Ef annar hvor samningsaðili veitir fjárfestum þriðja ríkis sérstök friðindi byggð á samningi um stofnun friverslunarsvæðis, tollabandalags, sameiginlegs markaðar eða annarra sambærilegra svæðissamtaka er honum ekki skylt að veita fjárfestum hins samningsaðilans eða fjárfestingum fjárfesta hans sömu friðindi.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda ekki um ráðstafanir í skattamálum. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila sem leiðir af samningum um skattamál. Ef ákvæði samnings þessa fara í bága við ákvæði samninga um skattamál ganga síðarnefndu ákvæðin framár.

5. gr.

Eignarnám.^{1}*

1. Óheimilt er að þjóðnýta fjárfestingar fjárfesta samningsaðila á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, taka þær eignarnámi eða gera ráðstafanir gagnvart þeim sem hafa sömu áhrif og þjóðnýting eða eignarnám (hér á eftir nefnt „eignarnám“), nema í almannabágu í samræmi við lög og án mismununar og gegn sanngjörnum og réttmætum bótageiðslum. Miða ber bæturnar við raunvirði þeirrar fjárfestingar sem er tekin eignarnámi rétt áður en eignarnámið er framkvæmt eða almennt er vítað um fyrirhugað eignarnám, hvort sem fyrr verður, þær skulu bera sanngjarna og réttmæta vexti fram til greiðsludags, þær skulu

ARTICLE 4

National Treatment and Most-Favoured-Nation Treatment

1. Each Contracting Party shall accord to investments of investors of the other Contracting Party, treatment which shall not be less favourable than that accorded either to investments of its own or investments of investors of any third State.
2. In addition, each Contracting Party shall accord to investors of the other Contracting Party, including in respect of returns on their investments, treatment which shall not be less favourable than that accorded to investors of any third State.
3. If either Contracting Party accords special advantages to investors of any third State by virtue of an agreement establishing a free trade area, a customs union, a common market or a similar regional organisation, it shall not be obliged to accord such advantages to investors or investments of investors of the other Contracting Party.
4. The provisions of paragraphs (1) and (2) of this Article shall not be applicable to tax measures. Nothing in this Agreement shall affect the rights and obligations of either Contracting Party derived from any tax convention. In the event of any inconsistency between the provisions of this Agreement and any tax convention, the provisions of the latter shall prevail.

ARTICLE 5

Expropriation^{1*}

1. Investments of investors of either Contracting Party shall not be nationalised, expropriated or subjected to measures having effect equivalent to nationalisation or expropriation (hereinafter referred to as “expropriation”) in the territory of the other Contracting Party except for a public purpose in accordance with law on a non-discriminatory basis and against fair and equitable compensation. Such compensation shall amount to the genuine value of the investment expropriated immediately before the expropriation or before the impending expropriation became public knowledge, whichever is the earlier, shall

1 * Til glöggvunar skal túlka greinina um eignarnám í samræmi við fylgibréfið sem er í viðauka við samning þennan.

1 * For greater certainty, the Article on Expropriation shall be interpreted in accordance with the side letter annexed to this Agreement.

greiddar án ótilhlýðilegrar tafar, vera innleysanlegar í reynd og yfirfæranlegar án takmarkana.

2. Hlutaðeigandi fjárfesti ber réttur, samkvæmt lögum samningsaðilans sem framkvæmir eignarnámið, til endurskoðunar á máli sínu og á verðmati fjárfestingar sinnar, af hálfu dómsvalds eða annars óháðs yfirvalds fyrrnefnds samningsaðila, í samræmi við þær meginreglur sem eru settar fram í málsgrein þessari. Samningsaðilinn, sem framkvæmir eignarnámið, skal gera sitt ítrasta til að tryggja að slík endurskoðun fari fram án tafar.
3. Ef samningsaðili tekur eignarnámi eignir félags, sem er skráð sem lögaðili eða stofnað samkvæmt gildandi lögum hvar sem er á hans yfirráðasvæði og sem fjárfestar hins samningsaðilans eiga hluti í, skal hann sjá til þess að ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar sé beitt að því marki sem nauðsynlegt er til þess að tryggja að til komi sanngjarnar og réttmætar bótagreiðslur, að því er fjárfestingu þeirra varðar, til handa fyrrnefndum fjárfestum hins samningsaðilans sem eru eigendur þeirra hluta er áður getur.

6. gr.

Bótagreiðslur.

Fjárfestum annars samningsaðilans, sem verða fyrir tjóni á fjárfestingum sínum á yfirráðasvæði hins samningsaðilans er stafar af stríði eða öðrum vopnuðum átökum, neyðarástandi í landinu eða öeirðum á yfirráðasvæði síðarnefnda samningsaðilans, skal veitt sú meðferð af hálfu hins síðarnefnda, að því er varðar endurheimt, skaðleysisgreiðslur, skaðabætur eða annars konar uppgjör, sem ekki er óhagstæðari þeirri sem hinn síðarnefndi samningsaðili veitir eigin fjárfestum eða fjárfestum hvaða þriðja ríkis sem er. Greiðslur, sem þannig eru til komnar, skulu vera yfirfæranlegar án takmarkana.

7. gr.

Heimsending fjárfestinga og ágóða.

1. Hvor samningsaðili um sig skal leyfa að allir fjármunir fjárfestis hins samningsaðilans, sem tengjast fjárfestingu á yfirráðasvæði hans, séu yfirfærðir án takmarkana og án ótilhlýðilegrar tafar og mismununar. Slíkir fjármunir geta verið:

include interest at a fair and equitable rate until the date of payment, shall be made without unreasonable delay, be effectively realisable and be freely transferable.

2. The investor affected shall have right, under the law of the Contracting Party making the expropriation, to review, by a judicial or other independent authority of that Party, of his or its case and of the valuation of his or its investment in accordance with the principles set out in this paragraph. The Contracting Party making the expropriation shall make every endeavour to ensure that such review is carried out promptly.
3. Where a Contracting Party expropriates the assets of a company which is incorporated or constituted under the law in force in any part of its own territory, and in which investors of the other Contracting Party own shares, it shall ensure that the provisions of paragraph (1) of this Article are applied to the extent necessary to ensure fair and equitable compensation in respect of their investment to such investors of the other Contracting Party who are owners of those shares.

ARTICLE 6

Compensation for Losses

Investors of one Contracting Party whose investments in the territory of the other Contracting Party suffer losses owing to war or other armed conflict, a state of national emergency or civil disturbances in the territory of the latter Contracting Party shall be accorded by the latter Contracting Party treatment, as regards restitution, indemnification, compensation or other settlement, no less favourable than that which the latter Contracting Party accords to its own investors or to investors of any third State. Resulting payments shall be freely transferable.

ARTICLE 7

Repatriation of Investment and Returns

1. Each Contracting Party shall permit all funds of an investor of the other Contracting Party related to an investment in its territory to be freely transferred, without unreasonable delay and on a non-discriminatory basis. Such funds may include:

- a) fjármagn og viðbótarfjármagn sem er notað í því skyni að viðhalda fjárfestingu og auka við hana,
 - b) nettórekstrarhagnaður, þ.m.t. arðgreiðslur og vextir í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra,
 - c) endurgreiðslur lána, að viðbættum vöxtum, sem tengjast fjárfestingunni,
 - d) greiðslur samkvæmt höfundarrétti eða einkaleyfi og greiðslur þjónustugjalda sem tengjast fjárfestingunni,
 - e) afrakstur af sölu hlutabréfa þeirra,
 - f) afrakstur sem fjárfestar njóta af sölu fjárfestingar, allrar eða að hluta, eða af slitum fjárfestingar,
 - g) tekjur borgara/rikisborgara annars samningsaðilans sem vinna í tengslum við fjárfestingu á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.
2. Ekkert í 1. mgr. þessarar greinar hefur áhrif á yfirfærslu bótagreiðslna skv. 6. gr. samnings þessa.
 3. Leyfa skal yfirfærslu gjaldeyris skv. 1. mgr. þessarar greinar í gjaldmiðli upphaflegu fjárfestingarinnar eða einhverjum öðrum skiptanlegum gjaldmiðli, nema aðilarnir hafi samið um annað. Fyrirnefnd yfirfærsla skal fara fram á gengi þess dags er hún á sér stað.
 4. Ef miklir erfiðleikar steðja að í tengslum við greiðslujöfnuð eða hætta er á þeim er hvorum samningsaðila um sig heimilt að takmarka yfirfærslur tímabundið, að því tilskildu að samningsaðilinn, sem það gerir, grípi til ráðstafana eða hrindi í framkvæmd áætlun í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar viðmiðanir. Gæta ber jafnræðis þegar þessum takmörkunum er komið á og það skal gera án mismununar og í góðri trú.

8. gr.
Kröfuhafaskipti.

Hafi annar samningsaðilinn, eða stofnun sem hann tilnefnir, ábyrgst skaðleysisgreiðslur vegna annarrar áhættu en þeirrar sem leiðir af eiginlegum viðskiptum og tengist fjárfestingu einhverra fjárfesta hans á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og hafi hann innt af hendi greiðslu til fyrirnefndra fjárfesta vegna krafna þeirra samkvæmt samningi þessum, samþykkir hinn samningsaðilinn að fyrstnefndi samningsaðilinn, eða stofnun sem hann tilnefnir,

- a) Capital and additional capital amounts used to maintain and increase investments;
 - b) Net operating profits including dividends and interest in proportion to their share-holdings;
 - c) Repayments of any loan including interest thereon, relating to the investment;
 - d) Payment of royalties and services fees relating to the investment;
 - e) Proceeds from sales of their shares;
 - f) Proceeds received by investors in case of sale or partial sale or liquidation;
 - g) The earnings of citizens/nationals of one Contracting Party who work in connection with investment in the territory of the other Contracting Party.
2. Nothing in paragraph (1) of this Article shall affect the transfer of any compensation under Article 6 of this Agreement.
 3. Unless otherwise agreed to between the parties, currency transfer under paragraph (1) of this Article shall be permitted in the currency of the original investment or any other convertible currency. Such transfer shall be made at the prevailing market rate of exchange on the date of transfer.
 4. In case of serious balance of payments difficulties or the threat thereof, each Contracting Party may temporarily restrict transfers provided that such a Contracting Party implements measures or a programme in accordance with internationally recognized standards. These restrictions should be imposed on an equitable, non-discriminatory and in good faith basis.

ARTICLE 8
Subrogation

Where one Contracting Party or its designated agency has guaranteed any indemnity against non-commercial risks in respect of an investment by any of its investors in the territory of the other Contracting Party and has made payment to such investors in respect of their claims under this Agreement, the other Contracting Party agrees that the first Contracting Party or its designated agency is entitled by virtue of subrogation

megi nýta sér rétt fyrrnefndra fjárfesta og halda fram kröfum þeirra með skírskotun til kröfuhafaskipta. Sá réttur eða þær kröfur sem yfirfærast við kröfuhafaskiptin skulu ekki vera meiri en upphaflegur réttur eða kröfur þeirra fjárfesta er áður getur.

9. gr.

Lausn deilumála milli fjárfestis og samningsaðila.

1. Deilur, er rísa milli fjárfestis annars samningsaðilans og hins samningsaðilans í tengslum við fjárfestingu fjárfestisins samkvæmt þessum samningi, skal, eftir því sem við verður komið, leysa í vinsemd með samningaviðræðum deiluaðila.
2. Hafi þess konar deila ekki verið leyst í vinsemd innan sex mánaða er heimilt að vísa henni:
 - a) til þar til bærð dómssvalds, gerðardóms eða stjórnýslustofnunar samningsaðilans, sem hefur leyft fjárfestinguna, í samræmi við lög hans eða
 - b) til alþjóðlegrar sáttameðferðar samkvæmt sáttameðferðarreglum alþjóðaviðskiptalaganefndar Sameinuðu þjóðanna, ef báðir aðilar eru því samþykkir.
3. Geti aðilarnir ekki náð samkomulagi um leið til lausnar deilunni samkvæmt ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar eða sé deilu vísað til sáttameðferðar, sem er lokið án þess að samningur um lausn deilunnar sé undirritaður, er heimilt að leggja deiluna í gerð. Gerðardómsmeðferð er sem hér segir:
 - a) ef samningsaðili fjárfestisins og hinn samningsaðilinn eru báðir aðilar að samningnum um lausn fjárfestingadeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja frá 1965 og fjárfestirinn samþykkir skriflega að leggja deilumálið fyrir Alþjóðastofnunina um lausn fjárfestingardeilna skal vísa slíku deilumáli til þeirrar stofnunar eða
 - b) ef báðir deiluaðilar eru því samþykkir, samkvæmt viðbótarúrræði fyrir beitingu sattaumleitunar, gerðardómsmeðferðar og málsmeðferðar vegna gagnaöflunar eða
 - c) annar deiluaðilinn vísar deilunni til

to exercise the rights and assert the claims of those investors. The subrogated rights or claims shall not exceed the original rights or claims of such investors.

ARTICLE 9

Settlement of Disputes between an Investor and a Contracting Party

1. Any dispute between an investor of one Contracting Party and the other Contracting Party in relation to an investment of the former under this Agreement shall, as far as possible, be settled amicably through negotiations between the parties to the dispute.
2. Any such dispute which has not been amicably settled within a period of six months may be submitted:
 - a) for resolution, in accordance with the law of the Contracting Party which has admitted the investment to that Contracting Party's competent judicial, arbitral or administrative bodies; or
 - b) to international conciliation under the Conciliation Rules of the United Nations Commission on International Trade Law, if both parties agree.
3. Should the parties fail to agree on a dispute settlement procedure provided under paragraph (2) of this Article or where a dispute is referred to conciliation but conciliation proceedings are terminated other than by signing of a settlement agreement, the dispute may be referred to Arbitration. The Arbitration procedure shall be as follows:
 - a) If the Contracting Party of the investor and the other Contracting Party are both parties to the Convention on the Settlement of Investment Disputes between States and Nationals of other States, 1965 and the investor consents in writing to submit the dispute to the International Centre for the Settlement of Investment Disputes such a dispute shall be referred to the Centre; or
 - b) If both parties to the dispute so agree, under the Additional Facility for the Administration of Conciliation, Arbitration and Fact-Finding Proceedings; or
 - c) to an ad hoc arbitral tribunal by either

sérstaks gerðardóms samkvæmt gerðardómsmeðferðarreglum alþjóðavíðskiptalaganefndar Sameinuðu þjóðanna frá 1976, með fyrirvara um eftirfarandi breytingar:

- (i) tilnefningaryfirvald skv. 7. gr. fyrrnefndra reglna skal vera forseti, varaforseti eða sá dómari sem næst gengur hvað starfsaldur varðar hjá Alþjóðadómstólnum í Haag og er ekki ríkisborgari annars hvors samningsaðilans. Þriðji gerðarmaðurinn skal ekki vera ríkisborgari annars hvors samningsaðilans,
- (ii) aðilarnir skulu skipa gerðarmenn sína innan tveggja mánaða,
- (iii) úrskurður gerðardóms skal vera í samræmi við ákvæði samnings þessa og vera bindandi fyrir deiluaðila,
- (iv) gerðardómur skal rökstyðja ákvörðun sína og tilgreina ástæður að beiðni annars hvors aðila.

10. gr.

Deilur milli samningsaðila.

1. Deilur milli samningsaðila um túlkun eða beitingu samnings þessa ætti, eftir því sem unnt er, að leysa með samningaviðræðum.
2. Takist ekki að leysa deilu milli samningsaðila með fyrrnefndum hætti innan sex mánaða frá því að deilan reis skal hún, að kröfu annars hvors samningsaðila, lögð fyrir gerðardóm.
3. Gerðardómur skal skipaður í hverju einstöku máli á eftirfarandi hátt: Innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni um gerðardómsmeðferð skal hvor deiluaðili um sig skipa einn gerðarmann. Skulu þeir tveir síðan velja ríkisborgara þriðja ríkis er skal skipaður formaður gerðardóms með samþykki beggja samningsaðila. Skal formaður skipaður innan tveggja mánaða frá skipun hinna tveggja gerðarmannanna.
4. Hafi ekki verið gengið frá nauðsynlegum skipunum innan þeirra tímamarka er um getur í 3. mgr. þessarar greinar getur annar hvor samningsaðila, hafi ekki verið samið

party to the dispute in accordance with the Arbitration Rules of the United Nations Commission on International Trade Law, 1976, subject to the following modifications:

- (i) The appointing authority under Article 7 of the Rules shall be the President, the Vice-President or the next senior Judge of the International Court of Justice, who is not a national of either Contracting Party. The third arbitrator shall not be a national of either Contracting Party.
- (ii) The parties shall appoint their respective arbitrators within two months.
- (iii) The arbitral award shall be made in accordance with the provisions of this Agreement and shall be binding for the parties in dispute.
- (iv) The arbitral tribunal shall state the basis of its decision and give reasons upon the request of either party.

ARTICLE 10

Disputes between the Contracting Parties

1. Disputes between the Contracting Parties concerning the interpretation or application of this Agreement should, as far as possible, be settled through negotiation.
2. If a dispute between the Contracting Parties cannot thus be settled within six months from the time the dispute arose, it shall upon the request of either Contracting Party be submitted to an arbitral tribunal.
3. Such an arbitral tribunal shall be constituted for each individual case in the following way: Within two months of the receipt of the request for arbitration, each Contracting Party shall appoint one member of the tribunal. Those two members shall then select a national of a third State who on approval by the two Contracting Parties shall be appointed Chairman of the tribunal. The Chairman shall be appointed within two months from the date of appointment of the other two members.
4. If within the periods specified in paragraph (3) of this Article the necessary appointments have not been made, either Contracting Party may, in the absence of any

um annað, farið þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins að hann annist þær skipanir sem þörf er á. Ef forsetinn er ríkisborgari annars hvors samningsaðila eða hann getur ekki sinnt þessum starfa skal fara þess á leit við varaforsetann að hann annist þær skipanir sem þörf er á. Sé varaforsetinn ríkisborgari annars hvors samningsaðila eða geti hann ekki heldur sinnt starfanum skal þess farið á leit við þann dómara Alþjóðadómstólsins, sem næstur er að starfsaldri og ekki er ríkisborgari annars hvors samningsaðilans, að hann annist þær skipanir sem þörf er á.

5. Í gerðardómi ræður meirihluti atkvæða. Ákvarðanir gerðardóms eru bindandi fyrir báða samningsaðila. Hvor samningsaðili skal greiða kostnað vegna þess gerðarmanns sem hann hefur skipað og kostnað af flutningi máls síns fyrir gerðardómi. Kostnaður vegna formanns og annar kostnaður skal greiddur af samningsaðilum að jöfnu. Gerðardómur getur þó í niðurstöðu sinni fyrirskipað að annar samningsaðilinn skuli bera hærri kostnaðarhlut og skal sá úrskurður vera bindandi fyrir báða samningsaðila. Gerðardómurinn setur sér starfsreglur.

11. gr.

Koma og tímabundin dvöl starfsfólks.

Samningsaðili skal, með fyrirvara um þau lög sem eru í gildi á hverjum tíma og tengjast komu og tímabundinni dvöl erlendra ríkisborgara, heimila einstaklingum hins samningsaðilans og starfsfólki, sem félög hins samningsaðilans hafa í vinnu, að koma inn og dvelja á yfirráðasvæði sínu í því skyni að taka þátt í starfsemi í tengslum við fjárfestingar.

12. gr.

Gildandi lög.

1. Gildandi lög á yfirráðasvæði þess samningsaðila þar sem stofnað er til fjárfestinga skulu taka til allra fjárfestinga, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skal ekkert í samningi þessum koma í veg fyrir að sá samningsaðili sem er gistiríki grípi til aðgerða til þess að verja mikilvæga öryggishagsmuni sína, eða þegar neyð-

other agreement, invite the President of the International Court of Justice to make any necessary appointments. If the President is a national of either Contracting Party or if he is otherwise prevented from discharging the said function, the Vice President shall be invited to make the necessary appointments. If the Vice President is a national of either Contracting Party or if he too is prevented from discharging the said function, the Member of the International Court of Justice next in seniority who is not a national of either Contracting Party shall be invited to make the necessary appointments.

5. The arbitral tribunal shall reach its decision by a majority of votes. Such decisions shall be binding on both Contracting Parties. Each Contracting Party shall bear the cost of its own member of the tribunal and of its representation in the arbitral proceedings; the cost of the Chairman and the remaining costs shall be borne in equal parts by the Contracting Parties. The tribunal may, however, in its decision direct that a higher proportion of costs shall be borne by one of the two Contracting Parties, and this award shall be binding on both Contracting Parties. The tribunal shall determine its own procedures.

ARTICLE 11

Entry and Sojourn of Personnel

A Contracting Party shall, subject to its laws applicable from time to time relating to the entry and sojourn of non-citizens, permit natural persons of the other Contracting Party and personnel employed by companies of the other Contracting Party to enter and remain in its territory for the purpose of engaging in activities connected with investments.

ARTICLE 12

Applicable Laws

1. Except as otherwise provided in this Agreement, all investment shall be governed by the laws in force in the territory of the Contracting Party in which such investments are made.
2. Notwithstanding paragraph (1) of this Article nothing in this Agreement precludes the host Contracting Party from taking action for the protection of its essential security interests or in circumstances of

arástand ríkir, í samræmi við lög sín sem venjulega er beitt og af sanngirni og án mismununar.

13. gr.
Gagnsæi.

Hvor samningsaðili um sig skal leitast við að birta, eða gera almenningi aðgengileg með öðrum hætti, lög sín, reglur, verklagsreglur og stjórnsýsluúrskurði, ásamt dómsniðurstöðum, sem hafa almenna skírskotun og kunna að hafa áhrif á rekstur samnings þessa.

14. gr.
Beiting annarra reglna.

Ef lagaákvæði annars hvors samningsaðilans eða skuldbindingar að þjóðarétti, sem eru eða síðar kunna að verða í gildi í samskiptum samningsaðilanna til viðbótar samningi þessum, fela í sér reglur, almennar eða sértækar, um að fjárfestingar fjárfesta hins samningsaðilans skuli njóta hagstæðari meðferðar en kveðið er á um í samningi þessum skulu þær reglur ganga framar samningi þessum að því marki sem þær eru hagstæðari.

15. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu og öðlast gildi þann dag þegar skipst verður á skjölum um fullgildingu.

16. gr.
Gildistími og uppsögn.

- Samningur þessi gildir í tíu ár og skal eftir það litið svo á að hann hafi verið framlengdur sjálfkrafa, nema annar hvor samningsaðilinn tilkynni hinum skriflega um þá fyrirætlun sína að segja samningnum upp. Samningurinn fellur úr gildi einu ári eftir þann dag þegar fyrrnefndri skriflegri tilkynningu er veitt viðtaka.
- Þrátt fyrir uppsögn samnings þessa skv. 1. mgr. þessarar greinar skal hann gilda áfram í fimmtán ár til viðbótar, frá uppsagnardegi að telja, með tilliti til fjárfestinga sem stofnað hefur verið til eða aflað hefur verið fyrir uppsagnardag samnings þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til

extreme emergency in accordance with its laws normally and reasonably applied on a non discriminatory basis.

ARTICLE 13
Transparency

Either Contracting Party shall endeavour to publish, or otherwise make publicly available, its laws, regulations, procedures and administrative rulings and judicial decisions of general application which may affect the operation of this Agreement.

ARTICLE 14
Application of other Rules

If the provisions of law of either Contracting Party or obligations under international law existing at present or established hereafter between the Contracting Parties in addition to the present Agreement contain rules, whether general or specific, entitling investments by investors of the other Contracting Party to a treatment more favourable than is provided for by the present Agreement, such rules shall to the extent that they are more favourable prevail over the present Agreement.

ARTICLE 15
Entry into Force

This Agreement shall be subject to ratification and shall enter into force on the date of exchange of Instruments of Ratification.

ARTICLE 16
Duration and Termination

- This agreement shall remain in force for a period of ten years and thereafter it shall be deemed to have been automatically extended unless either Contracting Party gives to the other Contracting Party a written notice of its intention to terminate the Agreement. The Agreement shall stand terminated one year from the date of receipt of such written notice.
- Notwithstanding termination of this Agreement pursuant to paragraph (1) of this Article, the Agreement shall continue to be effective for a further period of fifteen years from the date of its termination in respect of investments made or acquired before the date of termination of this Agreement.

In witness whereof the undersigned,

þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík, hinn 29. júní 2007, í tveimur frumritum, hvoru um sig á íslensku, hindi og ensku, og eru allir textarnir jafngildir. Ef ágreiningur ris um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Íslands

Árni M. Mathiesen

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Indlands

P. Chidambaram

VIÐAUKI

Fylgibréf um túlkun eignarnáms í 5. gr.

1. Eignarnám felur í sér, að frátöldu beinu eignarnámi eða þjóðnýtingu með formlegri yfirfærslu eignarhalds eða beinni haldlagningu, ráðstöfun eða röð ráðstafana sem samningsaðili gerir í þeim tilgangi að skapa aðstæður sem kunna að gera fjárfestingu fjárfestis afraksturslitla í reynd og að verkum að hún skili engum ágóða án formlegrar yfirfærslu eignarhalds eða beinnar haldlagningar.
2. Til þess að skera úr um hvort ráðstöfun eða röð ráðstafana samningsaðila feli, í tilteknu tilviki, í sér ráðstafanir skv. 1. mgr. hér að framan þarf að fara fram rannsókn, í hverju tilviki fyrir sig, á staðreyndum sem tekur meðal annars til:
 - (i) efnahagslegra áhrifa þeirra ráðstafana eða raðar ráðstafana sem er gerð enda þótt sú staðreynd að ráðstöfun eða röð ráðstafana samningsaðila hafi óhagstæð áhrif á fjárhagslegt gildi fjárfestingar, ein og sér, sýni ekki fram á að eignarnám eða þjóðnýting hafi átt sér stað,
 - (ii) þess að hve miklu leyti ráðstafanirnar fela í sér mismunun, annaðhvort að umfangi til eða í framkvæmd, gagnvart samningsaðila eða fjárfesti eða fyrirtæki,

duly authorised thereto by their respective Governments, have signed this Agreement.

Done at Reykjavik on this 29th day of June 2007, in two originals each in the Icelandic, Hindi and English languages, all texts being authoritative. In case of any divergence, the English text shall prevail.

For the Government of
the Republic of Iceland

Árni M. Mathiesen

For the Government of
the Republic of India

P. Chidambaram

ANNEX

Side letter on Interpretation of Expropriation in Article 5

1. A measure of expropriation includes, apart from direct expropriation or nationalization through formal transfer of title or outright seizure, a measure or series of measures taken intentionally by a Contracting Party to create a situation whereby the investment of an investor may be rendered substantially unproductive and incapable of yielding a return without a formal transfer of title or outright seizure.
2. The determination of whether a measure or a series of measures of a Contracting Party in a specific situation, constitute measures as outlined in paragraph 1 above requires a case by case, fact based inquiry that considers, among other factors:
 - (i) the economic impact of the measure or a series of measures, although the fact that a measure or series of measures by a Contracting Party has an adverse effect on the economic value of an investment, standing alone, does not establish that expropriation or nationalization, has occurred;
 - (ii) the extent to which the measures are discriminatory either in scope or in application with respect to a Contracting Party or an investor or an enterprise;

- (iii) þess að hve miklu leyti ráðstafanirnar eða röð ráðstafana raskar augljósum, eðlilegum væntingum sem eru bundnar við viðkomandi fjárfestingu,
 - (iv) eðlis og tilgangs viðkomandi ráðstafana eða raðar ráðstafana, hvort þær eða hún séu gerðar í góðri trú til hagsbóta fyrir almenning eða ekki og hvort eðlilegt samband sé milli þeirra og þeirrar fyrirætlunar að taka fjárfestingu eignarnámi.
3. Stjórnsýsluaðgerðir samningsaðila, sem eru án mismununar og gripið er til í þeim tilgangi og beitt er til þess að gæta réttmætra markmiða um velferð almennings, þ.e. lýðheilsu, öryggis og heilnæms umhverfis, eru ekki óbeint eignarnám eða þjóðnýting, nema um algera undantekningu sé að ræða.
4. Aðgerðir og úrskurðir handhafa dómsvalds samningsaðila, sem eru ætluð, notuð eða gefin út í þágu almennings, þ.m.t. þau sem eiga að fjalla um lýðheilsu, öryggi og heilnæmt umhverfi, eru ekki óbeint eignarnám eða þjóðnýting.
- (iii) the extent to which the measures or series of measures interfere with distinct, reasonable, investment-backed expectations;
 - (iv) the character and intent of the measures or series of measures, whether they are for bona fide public interest purposes or not and whether there is a reasonable nexus between them and the intention to expropriate.
3. Except in rare circumstances, non-discriminatory regulatory actions by a Contracting Party that are designed and applied to protect legitimate public welfare objectives including health, safety and the environmental concerns do not constitute indirect expropriation or nationalization.
4. Actions and awards by judicial bodies of a Contracting Party that are designed, applied or issued in public interest including those designed to address health, safety and the environmental concerns do not constitute indirect expropriation or nationalization.